

Gjaldeyrismarkaðurinn

Mánaðarlegt yfirlit


21. ágúst 2017

- Gengi krónunnar hefur verið mjög óstöðugt undanfarna 2 mánuði eða svo. Krónan hefur veikst gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar frá byrjun júní þegar verð á evru fór tímabundið undir 110 krónur og Bandaríkjadalur fór undir 100 krónur.
- Í lok dags 17. ágúst stóð evran í 125,5 krónum og hafði hækkað um 14,9% síðan í byrjun júní. Bandaríkjadalur hefur hækkað um 10,4% síðan þá.
- Vísbendingar eru um að jöfnuður vöru og þjónustuviðskipta hafi verið svipaður í júní og júlímánuði í ár og í fyrra og því ólíklegt að rekja megi veikingu krónunnar undanfarna mánuði til breytinga á honum. Hins vegar var velta á gjaldeyrismarkaði u.þ.b. helmingi minni undanfarna tvo mánuði, m.v. sama tímabil í fyrra, en verulega hefur dregið úr veltu á markaðnum frá því skilaskilda gjaldeyris var afnumin.
- Seðlabankinn hefur að mestu haldið sig á hliðarlínunni í þessum veikingarfasa krónunnar, en seinasta inngríp bankans á markaðinn var 11. júlí þegar hann seldi 9 m. evrur (1,1 ma.kr.). Í ljósi þess að bankinn hefur sagst vilja draga úr miklum gengissveiflum og hversu virkur hann var á fyrri hluta árs þegar krónan var að styrkjast, má segja að bankinn sé ekki alveg samkvæmur sjálfum sér.
- Veltan á gjaldeyrismarkaði í júlí var 39,8 ma. kr. (329 m. evra) sem er svipuð velta og seinustu þrjá mánuði. Hlutur SÍ af veltu mánaðarins var 3% og hefur ekki verið lægri síðan í júní 2013.

	17.8.2017	MTD	YTD	3M	12M
EUR	125,5	2,9%	5,4%	11,3%	-5,0%
USD	107,0	4,0%	-5,3%	6,0%	-8,5%
GBP	137,7	1,2%	-1,2%	5,1%	-9,8%
DKK	16,9	2,9%	5,4%	11,3%	-5,0%
SEK	13,4	2,6%	2,6%	11,7%	-5,9%
NOK	13,1	3,0%	5,9%	13,7%	-5,3%
CHF	111,1	4,4%	0,1%	7,7%	-8,6%
JPY	0,98	4,6%	1,0%	7,2%	-16,3%

Heimild: Thomson Reuters Eikon


Gengispróun



Seinasta dags. 17. ágúst 2017

Heimild: Thomson Reuters Eikon


Inngrip SÍ á gjaldeyrismarkað




Seinasta dags. 15. ágúst

Heimild: Seðlabanki Ísland


Síðan um áramót hefur íslenska krónan veikt á móti evru og sænsku krónunni, en styrkst á móti Bandaríkjadal.



Gengi krónunnar hefur verið mjög óstöðugt undanfarna 2 mánuði.




Raugengið lækkaði um 4,8% milli mánaða í júlí. Tólf mánaða hækkunin er 14,8%




Mánaðarleg gögn. Seinasta dags. júlí 2017
Heimild: Seðlabanki Íslands

Skammtíamavaxtamunur við evru hefur verið óbreyttur síðan Seðlabankinn lækkaði vexti um miðjan júní.




Seinasta dags. 17. ágúst 2017
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Gjaldeyrisforðinn (í krónum) hefur hækkað lítillega síðan lok maí, aðallega vegna gengisbreytinga.




*) Gjalddeyrisforði að frádrögnum heildarskuldum SÍ og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum.
Heimild: Seðlabanki Íslands

Erlendar eignir lífeyrissjóðanna jukust um 190 m. Bandaríkjadali (jafnvirði 19,3 ma.kr.) í júní




Mánaðarleg gögn. Seinasta dags. 30. júní
Heimild: Seðlabanki Íslands

Velta á gjaldeyrismarkaði í júlí var 40 ma. kr. sem er svipað og seinustu mánuði en u.þ.b. helmingi minna en í fyrra




Heimild: Seðlabanki Íslands

Mjög hefur dregið úr inngrípum Seðlabankans, en hlutur hans í veltu júlímánaðar var einungis 3%.




Heimild: Seðlabanki Íslands

221 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í júlí, sem er 15% aukning milli ára.




Heimild: Ferðamálastofa

Rússum, Spánverjum, Pólverjum og Bandaríkjamönnum hefur fjölgað hlutfallslega mest það sem af er ári.




Heimild: Ferðamálastofa

Greiðslukortajöfnuður við útlönd var jákvæður um 20 ma. kr. í júlí, sem er svipað og í fyrra.




Heimild: Seðlabanki Íslands

Erlend kortavelta í júlí jókst um 4,8% milli ára í krónum talið, en jókst um 19,5% mælt á föstu gengi.




Heimild: Seðlabanki Íslands

Vöruskiptajöfnuður hefur verið neikvæður samfellt síðan nóvember 2016



Heimild: Hagstofa Íslands

Uppsafnaður halli af vöruskiptum við útlönd fyrstu sjö mánuði ársins er um 30 ma.kr. meiri en í fyrra.



Uppsafnaður vöruskiptajöfnuður innan árs
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.